

Nafn hennar/..Kölluð..... Kennitala..... GSM.....
 Nafn hans/..Kallaður..... Kennitala GSM.....
 Heima Heimasími
 Póstnr.Staður Brúðkaupsdagur
 Netföng
 TrúfélagSöfnuður / sókn
 Meðmælendur Heimasími GSM.....
 Við viljum gefa kost á okkur sem hopphjón (Hjón sem gefa kost á sér til að koma inn á hjónahelgi með mjög stuttum fyrirvara)
 Staðfestingargjald kr. 4.000.- Móttakið afDags.
 Umsóknin sendist til skráningarrhjóna. Staðfestingargjald leggst beint inná reikning LH. Sjá upplýsingar inn í bæklingnum

Hverjum nýttist Lúthersk hjónahelgi?

Lúthersk hjónahelgi er fyrir öll hjón sem elska hvort annað og vilja lifa saman samkvæmt því heiti sem þau gáfu hvort öðru á brúðkaupsdaginn.

Hjónahelgin er fyrir hjón sem vilja gera gott hjónaband betra og kærleiksríkara. Öll hjónabönd má bæta og gera samskiptin betri og innilegri.

Lúthersk hjónahelgi er ekki námskeið eða meðferð sem ætlað er að reyna að leysa erfið vandamál.

Hjónabandið byggir á kærleika milli tveggja einstaklinga og einmitt í hjónabandinu getur kærleikurinn orðið hvað innilegastur. En til þess að það megi verða þurfa hjónin að rækta garðinn sinn. Reynslan sýnir að betri tjáskipti hjóna hafa jákvæð áhrif á samskipti þeirra við aðra. Opín umræða getur bætt og styrkt hjónabandið. Við breytumst og þroskumst alla ævi. Kærleikurinn tekur einnig breytingum. Lúthersk hjónahelgi færir hjónum góð verkfæri til að rækta hjónabandið og efla kærleikann. Um það vitnar reynsla flestra hjóna sem farið hafa á Lútherska hjónahelgi.



Lutheran Marriage Encounter

www.hjonahelgi.is

Lúthersk hjónahelgi



Kynning



Hvað er Lúthersk hjónahelgi?

Á Lútherskri hjónahelgi dvelja hjón eina helgi fjarri heimili og fjölskyldu og taka þátt í skipulagðri dagskrá til að efla tjáskiptin. Markmið helgarinnar er að skapa hjónunum aðstæður til að tjá tilfinningar sínar hvort við annað og auðga þannig líf sitt.

Lúthersk hjónahelgi er hvorki trúarsamfélag né söfnuður, en byggir á kristilegum grunni og er opin öllum hjónum óháð trúfélögum. Eina skilyrðið er að vera gift. Tilgangur Lútherskrar hjónahelgar er að styrkja og endurnýja hjónabandið. Hjónabandsráðgjöf eða viðtöl er ekki hluti helgarinnar. Fern hjón annast dagskrá helgarinnar, þar af eru ein prestshjón.

Hvernig fer Lúthersk hjónahelgi fram?

Lúthersk hjónahelgi hefst á föstudagskvöldi og henni lýkur á sunnudagskvöldi. Um er að ræða tveggja sólarhringa langa dagskrá þar sem hjónunum er opnuð ný leið til að tjá hvort öðru tilfinningar sínar og hugsanir. Hjónahelgin byggir ekki á hópastarfi á þann hátt að hjónin þurfi að deila tilfinningum sínum með öðrum.



Saga Lútherskrar hjónahelgar

Hjónahelgin hófst á Spáni upp úr 1950 að frumkvæði spænska prestsins séra Gabriel Calvo. Starfið barst þaðan til rómönsku Ameríku og síðan til Bandaríkjanna.

Fyrsta Lútherska hjónahelgin var haldin hér á landi árið 1985 en áður höfðu verið haldnar hjónahelgar hér á vegum kaþólskra. Lúthersk hjónahelgi starfar nú í Kanada, Bandaríkjunum, Brasilíu, Noregi, Íslandi, Finnlandi, Danmörku og Svíþjóð. Lúthersk hjónahelgi rekur sig sjálf og þiggur enga styrki frá kirkju eða opinberum aðilum. Henni er stjórnað af hjónum sem farið hafa á Lútherska hjónahelgi.

Gullkorn eftir hjónahelgar.

„Mætti ég heldur biðja um eina svona helgi heldur en helgarferð til útlanda.“
Eiginmaður á hjónahelgi.

„Við tölum um hjónabandið okkar sem fyrir og eftir hjónahelgina okkar.“
Eiginkona eftir hjónahelgi.

„Við rifumst á leiðinni á hótelið og vorum alveg komin að því að snúa við. Við sjáum svo sannarlega ekki eftir því að hafa farið á hjónahelgina.“
Eiginmaður eftir hjónahelgi.

„Við skiljum núna af hverju þessi leynd hvílir yfir helginni og hefðum ekki viljað vita meira.“
Hjón eftir hjónahelgi.

„Hvar hefur allt þetta góða fólk sem við hittum á hjónahelginni okkar verið?“
Hjón eftir hjónahelgi.

„Það er gott að vita, að ef hjónin eru ekki ánægð með breytinguna, þá geta þau bara fengið gamla hjónabandið aftur.“
Hjón eftir hjónahelgi.

Hvað kostar að vera með?

Við innritun er greitt skráningargjald kr. 4000.- sem er óafturkræft. Á helginni er kostnaður gefinn upp og hjónin hvött til þess að taka þátt í honum með því að leggja fram fjárhæð í ómerkt umslag. Sumir gefa mikið og aðrir minna, allt eftir efnunum og ástæðum.

Allir sem taka þátt í starfi Lútherskrar hjónahelgar gera það í sjálfböðavinnu og eingöngu er greitt fyrir útlagðan kostnað. Enginn hagnast fjárhagslega á starfseminni en sjóður kærleikans dafnar og ber ríkulegan ávöxt.

Hvernig skráum við okkur?

Fyllið út umsóknareyðublaðið og sendið það til:

**LH – Skráning Ísleifur og Hrönn
Fagrahjalla 68 200 Kópavogur.**

Greiðsla staðfestingargjalds:

Banki: 1195 – 26 – 44331

Kennitala: 571086 – 1159

Skráningin tekur gildi þegar staðfestingargjaldið hefur verið greitt.

Ath! að senda kvittun á netfangið skraning@hjonahelgi.is ef greitt er í netbanka.



Sjá nánar: www.hjonahelgi.is
Hægt er að senda fyrirspurnir á netfang: forsvar@hjonahelgi.is